

Nd.

272. Frumvarp til laga

[177. mál]

um breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

18. gr. A orðist svo:

Allar húseignir í landinu skal meta brunabótamati þegar þær eru fullbúnar, eða þegar þær eru teknar í notkun sé það gert fyrr.

Brunabótamatsverð miðist við byggingarkostnað húseignarinnar á þeim tíma, sem mat fer fram. Séu eldri hús metin skal taka tillit til aldurs og ástands þeirra þegar matsverð er fundið.

Áður en fokheldisvottorð um húseign er gefið út skal fara fram bráðabirgðamat.
Matsverð húseigna skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar út, og breytast í samræmi við breytingar á þeirri vísitölu jafnóðum og þær verða.

2. gr.

19. gr. 1. mgr. orðist svo:
Fasteignamat ríkisins annast mat fasteigna og brunabótamat húseigna samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 94/1976 og gefa síðan lögin út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samtímis tveim öðrum frumvörpum, annars vegar frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á lögum um brunavarnir og brunamál.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Aðalinntak frumvarps þessa er að færa mat á húseignum til brunabótaverðs frá hinum dómkvöddu matsmönnum í sérhverju sveitarfélagi, eins og nú er, til Fasteignamats ríkisins. Fasteignamat er nú unnið upp úr svokölluðu grunnmati, sem Fasteignamat ríkisins leggur á allar fasteignir í landinu. Lagt er til að Fasteignamat ríkisins vinni brunabótamat upp úr þessu grunnmati eftir að upplýsingar til grunnmats hafa borist frá byggingafulltrúum viðkomandi byggðarlags. Er ljóst að Fasteignamat ríkisins er miklu betur til þess fallið með þeirri sérþekkingu, sem það ræður yfir, en hinir lögskipuðu virðingamenn að koma á samræmingu í brunabótamati í landinu, en verulega hefur á skort að svo væri.

Rétt þykir að tryggja að allar húseignir verði skyldutryggðar, að fokheldisvottorð verði ekki afhent húsbyggjendum nema húseignin hafi áður verið tryggð gegn bruna.

Þá er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að brunabótamat sé bundið byggingarvísitölu Hagstofu Íslands, en þó þannig að það taki breytingum á 3ja mánaða fresti, við útreikning nýrrar vísitölu.

Um 2. gr.

Með þessari grein er Fasteignamati ríkisins fengið það verkefni, til viðbótar við fyrri verkefni, að meta allar húseignir til brunabótaverðs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.